

3. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá 22. júlí 2015 kl. 18:10.

Mættir eru: Guðmundur Kr. Jónsson formaður, Hjalti Þorvarðarson, Sverrir Einarsson og ásamt Gissuri Jónssyni framkvæmdastjóra.

Forföll boðuðu: Jóhann Helgi Konráðsson og Viktor S. Pálsson.



1. Samningur við Jako

Framkvæmdastjórn leggur áherslu á að allar pantanir vegna samnings Umf. Selfoss og Jako verði samstundis tilkynntar til framkvæmdastjóra Umf. Selfoss.

Jafnframt eru deildir hvattar til að ganga tímanlega frá pöntunum vegna samnings.

2. Bankareikningur fyrir minjanefnd Umf. Selfoss

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra á stofna bankareikning fyrir minjanefnd Umf. Selfoss.

3. Reglugerð um afreks- og styrktarsjóð

Framkvæmdastjóra falið að endurskoða reglugerð um afreks- og styrktarsjóð Umf. Selfoss og Árborgar. Tillögur lagðar fyrir næsta fund aðalstjórnar.

4. Heimsókn til Stjórnunnar

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir ferð sína í Garðabæinn þar sem þeir hittu framkvæmdastjóra og kynntu sér starf Ungmennafélagsins Stjórnunnar.

5. Ritnefnd

Óskað var eftir fjárhagsáætlun frá nefndinni.

6. Mörk í íþróttahús Vallaskóla

Framkvæmdastjóra falið að ljúka við fjármögnum í samstarfi við handknattleiksdeild.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 19:32.
Gissur Jónsson ritaði fundargerð.**